

Hrunamannahreppur
Rebekka Rut Ingvarsdóttir
Akurgerði 6 Flúðum
845 Hrunamannahreppur

Garðabær, 24. október 2024
Málsnúmer: 202409-0031
LA

Efni: Tillaga að nýju deiliskipulagi um innviðauppbýggingu við Neðri-Hveradali í Kerlingarfjöllum

Við er í erindi frá Hrunamannahreppi, dags. 13. september 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um nýtt deiliskipulag fyrir bílastæði og þjónustuhús við Neðri-Hveradali í Kerlingarfjöllum. Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032 þar sem svæðið er skilgreint sem óbyggt svæði. Nýtt deiliskipulag er unnið á grunni gildandi skipulags frá 2014 og friðlýsingar Kerlingarfjalla um landslagsverndarsvæði frá árinu 2020. Skipulagssvæðið er um 1,6 ha að stærð og áformað er að byggja allt að 20 m² þjónustuhús með allt að 4 m mænishæð. Í þjónustuhúsinu verða vatnssalerni, en óvissa er um staðsetningu rotþróar og vatnsbóls fyrir þjónustuhúsið. Þá stendur til að stækka núverandi bílastæði við Hveradali í þremur áföngum og að heildar fjöldi bílastæða geti verið 84 og að auki tvö stæði fyrir rútur. Fram kemur að deiliskipulagið er unnið í samráði við Umhverfisstofnun.

Náttúrufræðistofnun skilaði umsögn, dags. 1. júní 2023, til Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita um skipulagstillögu fyrir bílastæði og þjónustuhús við Neðri-Hveradali. Ekki er að sjá að miklar breytingar hafa verið gerðar á skipulagstillögum og vísar stofnunin í fyrri umsögn sína.

Vegna mikilvægi þess að vernda náttúruminjar og landslag innan friðlýsts landslagsverndarsvæðis Kerlingarfjalla vill Náttúrufræðistofnun setja fram eftirfarandi ábendingar og athugasemdir:

- Í friðlýsingu Kerlingarfjalla eru Efri-Hveradalir innan svæðis II, en það er svæði sem vernda þarf sérstaklega vegna viðkvæmni, sérstöðu eða af öryggissjónarmiðum. Um svæði II eru settar sérreglur um mannvirkjagerð og landnotkun. Þar kemur fram að heimilt er að leggja nýjar gönguleiðir og reisa ný mannvirki í tengslum við þær, s.s. göngubrýr og útsýnispalla, að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar og Hrunamannahrepps, og í samræmi við deiliskipulag. Aðrar framkvæmdir eru óheimilar. Tillaga að nýju deiliskipulagi er hvorki í samræmi við friðlýsingarskilmála eða gildandi skipulag frá 2014.
- Kerlingarfjöll eru innan þjóðlendu þar sem íslenska ríkið er eigandi lands. Ekki kemur fram í greinargerð hvort samráð hafi verið haft við Forsætisráðuneytið varðandi uppbyggingu og nýtingu innan þjóðlendu.
- Áformuð eru jarðvegsskipti undir bílastæðum og þjónustuhúsi, ásamt því að reisa allt að eins metra háar jarðvegsmanir umhverfis mannvirkin. Við þessar framkvæmdir verður verulegt rask á jarðminjum og breytingar verða á landslagi og ásýnd, bæði innan

og utan við skipulagssvæðið. Ekki er fjallað um hvaða efnisnámur verða nýttar í fyrirhugaðar framkvæmdir.

- Í deiliskipulagstillögu er ekki gerð grein fyrir fráveitu eða vatnsbóli vegna þjónustuhúss. Fram kemur að reiknað er með að staðsetja vatnsból í giljum austan við skipulagssvæðið, en með nákvæmari staðsetningu og útfærslu vatnsbóls verði gerð breyting á deiliskipulagi. Náttúrufræðistofnun telur þörf á að útfærsla á þessu þáttum liggi fyrir áður en nýtt deiliskipulag er staðfest þar sem þeir eru mikilvægur hluti áformaðra framkvæmda og vegna þess að þeim fylgir bæði rask og ásýndarbreyting, m.a. vegna lagna og vegslóða, t.d. að vatnsbóli.
- Ekki kemur fram í greinargerð hvort gera þurfi endurbætur á Hveradalavegi samhliða aukinni þjónustu í Neðri-Hveradölum eða hvort þörf sé á frekari endurbótum á göngustígum innan hverasvæðisins vegna mögulegs aukins álags vegna ferðamanna innan svæðisins.

Náttúrufræðistofnun hefur skilning á því að bæta þarf þjónustu við ferðamenn í Neðri-Hveradölum en telur að aukin uppbygging bílastæða og þjónustuhúss sé ekki ásættanleg, sér í lagi þegar um svæðið gilda sérreglur í friðlýsingu Kerlingarfjalla er varða mannvirkjagerð og landnotkun. Þá telur Náttúrufræðistofnun að nauðsynlegt sé að gera greiningu á fjölda gesta og bifreiða sem fara um svæðið, hver eru álagstímabilin, kanna öryggismál innan svæðisins o.fl. til að hafa betri sýn á hver þörfin er og hvort hægt sé að bregðast við álagi á annan hátt en að byggja stór bílastæði með jarðvegsmönnum allt um kring, sem óneitanlega hefur áhrif á verndargildi svæðisins. Þá telur stofnunin líklegt að bætt aðgengi og þjónusta við ferðamenn á svæðinu geti orðið til þess að fjölga ferðamönnum og auka þar með enn frekar á álag innan hverasvæðisins í Neðri-Hveradölum sem er allt í senn viðkvæmt, einstakt og hættulegt svæði.

Út frá ofan sögðu tekur Náttúrufræðistofnun ekki undir mat deiliskipulagsins að áhrif á verndarsvæðið séu jákvæð eða óviss. Uppbygging bílastæða og þjónustuhúss í Neðri-Hveradölum munu raska náttúruminum og breyta landslagi og ásýnd svæðisins sem stofnunin metur neikvæð áhrif innan landslagsverndarsvæðis Kerlingarfjalla.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur

